

Mál nr. 4/2006

M

og

Vátryggingafélagið X v/A og B

Árekstur Gullinbrú, Stórhöfði norðan við, þann 08.12. 2005

Gögn.

1. Málskot móttakið 06.01. 2006 ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 10.01. 2006, ásamt frásögn ökumanns B, dags. í desember 2005.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðunum var ekið suður Gullinbrú og skammt norðan við aðreinar að bryggjuhverfi lenti A aftan á B. Ökumaður A telur að ökumaður B hafi skipt um akrein í veg fyrir sig og stöðvað skyndilega vegna vatnsgusu sem kom frá flutningabifreið. M telur að ökumaður B hafi brotið gegn 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 er hann hafi skipt um akrein í veg fyrir A og stöðvað skyndilega. Ökumaður B telur að ökumaður A hafi ekið of hratt og ekki gætt að því sem framundan var.

Álit.

Frumskýrsla lögreglu verður lögð til grundvallar en umfjöllun hennar hallar á ökumann B, að því er telja verður. Lögreglan getur þess m.a. að sjáanlegt tjón á bifreiðunum hafi verið lítið.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ökumaður B sönnunarbyrði um að hann hafi gætt að umferð áður en hann skipti um akrein. Virðist sem ökumaðurinn hafi skipt um akrein og þurft að stöðva bifreið sína snögglega í beinu framhaldi af akreinaskiptum. Ekki er haft eftir ökumanni B í skýrslu lögreglu að hann hafi gætt að umferð áður en hann skipti um akrein. Haft er eftir ökumanni A, í skýrslu lögreglu, að B hafi verið ekið óhikað yfir á vinstri akrein, ökumaður A kveðst þá hafa hemlað og flautað enda hafi honum fundist sem ökumaður B hafi "svínað á sér" og "skömmu síðar hafi komið vatnsgusa yfir bæði ökutækin frá flutningabifreið sem var ekið eftir hægri akrein og í sömu mund hafi "A lent á B "þar sem ökumaður B hemlaði skyndilega".

Þegar tekið er mið af framanrituðu ber ökumaður B ábyrgð á árekstrinum fyrir að hafa skipt um akrein í veg fyrir A.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 7. febrúar 2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.